

## Skólaráð 15. Október 2013 í Grunnskóla Grindavíkur við Ásabraut

### Dagskrá:

- Matsskýrsla
  - Fjárhagsáætlun
  - Önnur mál
1. Starfsáætlun  
Halldóra kynnti starfsáætlun sem byggð er á áætlun fyrra árs. Áætlunin kynnt og afhent fundarmönnum.
  2. Matsskýrsla 2012-2013  
Halldóra fór yfir helstu atriði skýrslunnar, samantekt og niðurstöður
  3. Fjárhagsáætlun  
Vinna við fjárhagsáætlun hefur gengið vel. Áætlunin á að liggja fyrir í endanlegri mynd 13.nóvember. Hún var send inn til fjármálastjóra 1.okt., lögð fyrir íbúafund 17.okt og fyrri umræða í bæjarstjórn verður 29.okt.  
Halldóra gerði grein fyrir helstu liðum áætlunarinnar, launaliðir, viðhald húsnæðis, tölvumál o.fl.
  4. Önnur mál  
Sagt var frá starfsdögum 21. Og 22.okt en þá verður farið í námsferð með alla starfsmenn til Akureyrar og hefur verið sótt um styrki til ferðarinnar hjá stéttarfélögum. 69 starfsmenn fara í ferðina sem er nánast allur hópurinn.